

**120. fundur stjórnar Sorpstöðvar Suðurlands, haldinn  
fimmtudaginn 25. nóvember 2004, kl. 13:00 að Austurvegi 56,  
Selfossi.**

**Mættir:** Einar Njálsson, Orri Hlöðversson, Þorvarður Hjaltason, framkvæmdastjóri og Guðmundur Tryggvi Ólafsson umhverfisfulltrúi.  
Ágúst Ingi Ólafsson boðaði forföll.

**Gestir fundarins:** Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir.

**Dagskrá:**

**1. Deiliskipulag í Kirkjuferjuháleigu.**

Oddur Hermannsson og Svanhildur Gunnlaugsdóttir frá Landformi kynntu frumhugmyndir að deiliskipulagi í Kirkjuferjuháleigu.

**2. Samstarf við önnur sorpförgunarfyrtæki.**

Lögð fram bréf til Sorpeyðingar höfðuborgarsvæðisins, dags. 23. nóvember 2004, varðandi leit að nýjum urðunarstað og gerð svæðisskipulags um meðhöndlun úrgangs.

**3. Afrit af bréfi Reynis Karlssonar hrl. til Sveitarfélagsins Ölfus, dags. 15. nóvember 2004, varðandi tilhögun sorpurðunar í Kirkjuferjuháleigu.**

Til kynningar.

**4. Ráðning framkvæmdastjóra.**

Lögð fram drög að starfslýsingu framkvæmdastjóra. Drögin samþykkt með lítilsháttar breytingum. Stjórnin samþykkir að fela formanni að ganga til samninga við Guðmund Tryggva Ólafsson um starf framkvæmdastjóra. Samningurinn verður lagður fram á næsta fundi til staðfestingar.

Fundi slitið kl. 14:45

*Einar Njálsson  
Orri Hlöðversson*

*Guðmundur Tr. Ólafsson  
Þorvarður Hjaltason*